

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Af hundum í Reykjavíkurborg skal Dýraþjónusta Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Reykjavík.

2. gr.

Við skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 2.310
Árlegt eftirlitsgjald	kr. 11.330
Samtals	kr. 13.640

Fyrir hunda sem undanþegnir eru árlegu eftirlitsgjaldi skv. samþykkt um hundahald skal einungis innheimta skráningargjald kr. 2.310.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 11.330. Heimilt er að veita allt að 30% afslátt af árlegu eftirlitsgjaldi hafi viðkomandi hundaeigandi sótt námskeið um hundahald sem viðurkennt er af Dýraþjónustu Reykjavíkur.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs óskráðs hunds ber að innheimta kr. 34.650 handsömunargjald. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1055/2022 fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Einar Þorsteinsson e.u.